

REGLUGERÐ

39

13. marz

fyrir vatnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Reykjavíkurbæjar.

Bæjarstjórn skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Bæjarstjórn hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar, um bæinn.

5. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirætlunum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimaæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotum, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lög vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með heinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt hús-eigendur hafi í upphafi borið, að einhverju eða öllu leyti, þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum eftir fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

39 Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu vatnsveitunnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað hús-eigenda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því, eru eign hús-eiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað hús-eiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. 39
13. marz

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa þær upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 2. mgr., og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatverði húseignar eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, enda sé vatn eigi selt samkvæmt mæli.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú settir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

39 Bæjarstjórn getur ákveðið, að vatn til heimilisparfa verði selt eftir mæli, og 13. marz sett um það sérákvæði.

14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 13. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttáð, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi (sjá 6. og 9. gr.).

Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

16. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar, um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkest.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunar-
tæki hafa óhindrað rennsli í frárennslistút. **39**

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á
vatni í vatnsveituað eða heimæð. **13. marz**

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð
þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar
ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri
refsing liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-
berra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, stað-
festist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní
1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til
eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík í Mýrdal,
nr. 144 23. des. 1958.

40

14. marz

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafmagnsstöðin í Vík selur raforku við því verði og á þann hátt, sem hér
segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 50 aura hverja kwst. og
auk þess fastagjald, er nemi kr. 3.75 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.
Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi,
og eldhús, en ekki baðherbergi, gangar eða geymslur. Herbergi, sem er minna
en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja
í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að
hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.
- Um hemla á kr. 1000.00 hvert árskw. Hemilstillingin skal ávallt standa á heil-
um hundruðum watta.